

16. Grein – Ungmennaping

Lagt er til eftirfarandi breytingar á 16. Grein um ungmennaping.

16. GREIN – UNGMENNAPING

Núverandi grein:

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennapings. Til Ungmennapings skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennaping skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátaping ár hvert. Ungmennaping er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennapingi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátaping ár hvert ásamt því að kjósa árlega **áheyrnafulltrúa ungmenna** í stjórn BÍS og **fulltrúa í ungmennaráð**. Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er. Á Ungmennapingi mega framboð berast fram að kosningum. Auka Ungmennaping skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennaping er undanskilið því skilyrði að Ungmennaping skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátaping ár hvert.

Verður:

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennapings. Til Ungmennapings skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennaping skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátaping ár hvert. Ungmennaping er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennapingi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátaping ár hvert ásamt því að kjósa árlega **fulltrúa í ungmennaráð og áheyrnafulltrúa ungmenna** í stjórn BÍS, **sem mætir á stjórnarfundum, hlustar og er með málfrelsi**. Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

Á Ungmennapingi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennaping skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennaping er undanskilið því skilyrði að Ungmennaping skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátaping ár hvert.

Flutningsaðili:

Ungmennaráð



Greinagerð:

Áheyrnarfulltrúi ungmenna er ekki mjög lýsandi heiti yfir þetta hlutverk og lætur það hljóma eins og aðilinn megi ekki taka þátt á stjórnarfundum og eigi bara að fylgjast með, hins vegar fulltrúi ungmenna gefur betri lýsingu á því hvað þetta hlutverk felur í sér. Þessi breyting er í takt við upphaflega markmið áheyrnarfulltrúans sem er að einstaklingar yngri en 18 ára hafi tækifæri til að koma að stjórnarborðinu (þó að þau séu nú alltaf velkomin enda stjórnarfundir opnir).

Við vitum að áheyrnarfulltrúi ungmenna á í raun bara að sitja og hlusta á það sem fer fram en stjórn BÍS býður áheyrnarfulltrúanum að tala því það er skemmtilegra og gagnlegra fyrir alla.

